

## REGLUGERÐ

### um (5.) breytingu á reglugerð nr. 1205/2021 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 um aukefni í fóðri.

#### 1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætast fjórir nýir töluliðir, svohljóðandi:

643. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2051 frá 24. nóvember 2021 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus velezensis* PTA-6507, *Bacillus velezensis* NRRL B-50013 og *Bacillus velezensis* NRRL B-50104 sem fôðuraukefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition og fulltrúi hans er Genencor International B.V.). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2022, frá 10. júní 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 47, frá 7. júlí 2022, bls. 14.
644. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2080 frá 26. nóvember 2021 um leyfi fyrir L-histidínmonóhydróklóríðmónóhydrati, sem er framleitt með gerjun með *Escherichia coli* NITE SD 00268, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir að undanskildum fiskum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2022, frá 10. júní 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 47, frá 7. júlí 2022, bls. 18.
645. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2090 frá 25. nóvember 2021 að því er varðar synjun um leyfi fyrir titandíoxíði sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 167/2022, frá 10. júní 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 47, frá 7. júlí 2022, bls. 23.
646. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/271 frá 23. febrúar 2022 um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1760 um leyfi fyrir blöndu með *Bacillus subtilis* DSM 25841 sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir svína, þar með taldar gyltur, aðrar en mjólkandi gyltur, í því skyni að hafa jákvæð áhrif á mjólkurgrísi (leyfishafi er Chr. Hansen A/S). Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2022, frá 8. júlí 2022. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 53, frá 11. ágúst 2022, bls. 26.

#### 2. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994, um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Matvælaráðuneytinu, 25. ágúst 2022.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Emilia Madeleine Heenen.*